

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 324

febrúar 2021



We Serve

Við komumst í gegnum þetta

Pistill Alþjóðaforseta



Liðið ár hefur verið markað af baráttu. Baráttu við að halda heilsu, baráttu við að hjálpa þeim sem þess þurfa og baráttan hjá okkur við að halda sjó í svo fordæmalausum aðstæðum.

En nýja árið er framundan og með því fylgja nýjar áskoranir. Þegar ég hugsa um allt sem við höfum þurft að horfast í augu við, þá minnst ég orða Helen Keller, sem lofaði baráttuna sem okkar helstu blessunar og kenndi okkur þolinmæði og viðkvæmni, kennir okkur, þó veröldin sé full af þjáningum, þá eru mörg tækifæri til að sigrast á þeim.

Ég hef séð þetta í verkum sem Lions er að framkvæma, ég sé enn lionsfélaga vinna sig í gegnum hindranir með þolinmæði. Ég hef séð lionsfélaga sýna mikla samkennd með þeim sem hafa átt í miklum erfiðleikum, og ég hef séð lionsfélaga ekki bara sigrast á þeim, heldur einnig að hjálpa heiminum til að sigrast á þeim.

Þetta er nýtt ár. Tími til að horfa framá við ekki afturábak. Meðan við getum og höfum orðið fyrir áskoronum liðins árs þá verðum við

halda áfram að sækja fram sem Lions og það gerum við með því að leggja lið.

Við skulum horfa framá nýja árið sem verður fullt af baráttu, já, en einnig nýjum möguleikum.

Ykkar einlægur
Dr. Jung-Yul Choi
 Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Frá Lionsklúbbi Seyðisfjarðar



Þakkir fyrir veittan stuðning. Eins og alþjóð er kunnugt urðu náttúruhamfarir á Seyðisfirði í vikunni 14. til 18. desember 2020, þegar aurskriður eyðilögðu fjölmörg heimili. Í aurskriðunum misstu margir íbúar hús sín og innbú.

Nokkrir Lionsklúbbar brugðust skjótt við og styrktu Lionsklúbbs Seyðisfjarðar með fjárframlögum til hjálpar þeim sem verst urðu úti í hamförunum. Klúbburinn þakkar kærlega fyrir fjárframlögin og eru þau ómetanleg á slíkri stundu. Unnið er að því af hálfu klúbbsins að úthluta styrkjunum þangað sem þörfin er mest.

Söfnunarreikningur LKL Seyðisfjarðar vegna hamfaranna er: 0176-05-060175, kt.470483-0249.

*Fyrir hönd fjáröflunarnefndar Lionsklúbbs Seyðisfjarðar.
 Með Lionskveðju,
 Lárus Bjarnason, form. fjáröflunarnefndar*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 25. mars

Fjölumdæmisstjóri

Björn Guðmundsson

Fjölumdæmisstjóri 2020-2021



Laugardaginn 6. febrúar var haldinn þriðji fundur umdæmisstjórna og fjölumdæmisstjórna. Fundurinn var rafrænn og þátttaka góð. Að þessu sinni var fundurinn helgaður fræðslumálum. Fengin voru erindi frá fræðsluteymi hreyfingarinnar, Guðrúnu Björt fyrirverandi alþjóðaforseta auk þess sem Jón Halldórsson hjá KVAN ráðgjöf flutti erindi. Allir fyrirlestrarnir fjölluðu um mikilvægi liðsheildarinnar og hversu miklu máli skiptir að vinna saman að verkefnum, deila upplýsingum og velja saman góð teymi. Mikill samhljómur var með fyrirlesurum en hvert og eitt þeirra hafði

þó sín sérkenni. Það var mál manna að vel hafi tekist til með fundinn og voru flestir mjög ánægðir eftir daginn.

Öflugt starf í teyminum

Eitt af markmiðum vetrarins var að virkja vinnuteymin betur en tekist hefur áður. Það er ánægjulegt að verða vitni af því að flest teymin eru að fullu að vinna, þýða efni, útbúa námskeið, gera kannanir, undirbúa verkefni og svo mætti lengi telja. Hluti skýringarinnar er tölvuvæðing flestir hafa náð grunntökum á fjarfundabúnaði og það þarf ekki að fara langan veg til funda.

Það er mjög áhugavert að fylgjast með vinnu kynningarteymisins sem er að kanna ástæður þess félagar hafa yfirgefið hreyfinguna undanfarið. Að sumu leyti koma niðurstöðurnar á óvart og verður þessi vinna vonandi notuð til þess að bæta starf okkar og minnka brottfall.

Framboðsfrestur til embætta

Á þinginu á Akureyri næsta vor verður kosið í hin ýmsu embætti framboðsfrestur er að líða en ég skora á þá sem hafa áhuga á að starfa fyrir hreyfinguna á landsvísu að gefa sig fram það vantar alltaf nýjar raddir í yfirstjórnina.

Nordic coordinator

Árin 2022-2025 skipar Lions á Íslandi í stöðu samstarfsfulltrúa norðurlandanna. Hans hlutverk er að stýra sameiginlegum atburðum

Norðurlandanna á alþjóðþingum. Sá sem tekur að sér verkefnið þarf að hafa verið umdæmisstjóri og hafa þekkingu á norræna samstarfinu.

Lionsþing á Akureyri

Boðað hefur verið til Lionsþings á Akureyri um 14. -16. maí, auðvitað verðum við að taka mið af fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda. Við vinnum að því að þingið verði haldið og geti orðið að viðsnúningu í starfi okkar. Hugsanlegt er að við þurfum að fara með einhverja dagskrárliði á vefinn en við viljum og vinnum að því að halda gott staðarþing. Ég hvet alla Lionsfélaga til þátttöku.

Að lokum

Nú er um þriðjungur starfsársins eftir við sjáum að fleiri og fleiri klúbbar eru farnir að koma saman ég hvet alla til þátttöku og eflingu starfsins.



Minning + Kristín Guðmundsdóttir



Látinn er félagi okkar í Lionsklúbbum Eik, Kristín Guðmundsdóttir

Kristín gekk til liðs við Lionsklúbbin Eik (áður Lionessklúbbin Eik) þegar klúbburinn var stofnaður í apríl 1985 og hefur því verið félagið í klúbbum í rúm 35 ár.

Kristín tók virkan þátt í starfi klúbbsins var ritari í stjórn klúbbsins starfsárið 1993 – 1994, og starfaði í ýmsum nefndum og ráðum á vegum klúbbsins.

Kristín var útnefndur Melvin Jones félagi af klúbbum og var vel að þeirri æðstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar kominn.

Við áttum saman ómetanlegar samverustundir í leik og starfi Lions. Við meðal förum meðal annars í einstaka afmælisferð um Vesturland og Snæfellsnes á 30 ára afmæli klúbbsins og nutum við samverunnar þrátt fyrir að veikindi væru farin að marka líf hennar.

Að leiðarlokum þá kveðjum við félagar í Lionsklúbbum Eik góðan féлага með söknuði um leið og við þökkum fyrir allar samverustundirnar, öll störf Kristínar í þágu Lionsklúbbsins Eikar og verkefna hans.

Við sendum fjölskyldu Kristínar okkar dýpstu samúðarkveðjur á kveðjustund.

Félagar í Lionsklúbbum Eik.

1. vara umdæmisstjóri 109A

Póra Bjarney Guðmundsdóttir

1. vara umdæmisstjóri 109 A



Kæru lionsfélagar,
Vonandi erum við öll heilbrigð og hress á þessu nýja ári 2021 þrátt fyrir skrítna tíma.

Lionsstarfið hefur gengið þokkalega vel þó það hafi mest farið fram í netheimum, eins og kom fram á nýloknum og mjög góðum fjölumdæmis/umdæmisfundum sem haldnir voru laugardaginn 6. febrúar.

Í umdæmi 109 A, er búið að halda svæðisstjóra- og formannafund. Það er búið að halda þrjá svæðisfundum í mannheimum og nokkra í netheimum. Klúbbar hafa fundað á Zoom fundum, það hafa ekki öllum tekist að komast inn á þessa netfundum en við vonum bara að þau fái fréttir af öllu okkar starfi, sem mér finnst hafa gengið vel miðað við aðstæður.

Ný verkefni

Eins og hefur komið fram þá var ákveðið að taka aftur þátt í friðarveggsjaldakeppni Lions, sem er verkefni fyrir 11 til 13 ára grunnskólabörn. Undirbúningur er í fullum gangi og verður verkefni kynnt í klúbbum fyrir starfslok í vor.

Umdæmisstjóri 109 A. Jónas Ingvi setti í gang Framtíðarnefnd til að skoða starf Lions fyrir og nú og velta upp hugmyndum. Er eitthvað sem mætti betur gera, eitthvað sem mætti breyta, hvernig viljum við standa að félagaöflun, hver er markhópurinn. Fyrir þessari nefnd fer Íris Bettý sem er annar vara umdæmisstjóri 109 A, ásamt öðru góðu félögum. Vonandi verða skemmtilegar fréttir frá þeim áður en starfárinu lýkur.

Leiðtogi

Hvað er að vera leiðtogi, erum við ekki öll leiðtogar?

Þegar nýir aðilar taka við keflinu í umdæmunum hefst alltaf sama vinnan hjá öllum. Að fá lionsfélaga til starfa með okkur í umdæminu, það þarf 9 svæðisstjóra sem koma frá klúbbum á hverju svæði fyrir sig, það þarf 4-5 í fræðsluteymi, félagateymi og verkefnateymi ásamt mörgu öðru. Nú vil ég gefa öllum þeim sem hafa áhuga á að koma til starfa með okkur tækifæri á að gefa kost á sér.

Kæru félagar okkur vantar ykkur til að hjálpa við að gera Lionshreyfinguna og klúbbastarfið að hinu besta gæðastarfi og áhugaverðum samtökum. Í hreyfingunni er hellingur af hæfileika ríku fólki, þeir sem eru í embættum núna mega alveg vera með aftur. Ég skora á ykkur lionsfélagar að koma og taka þátt og kynnast hreyfingunni betur. Þið sem viljið vera með í umdæmi 109 A, sendi póst á thorabg16@gmail.com

Hlakka til að heyra frá ykkur.
Göngum til góðs/ friður fyrir alla

Minning + Guðmundur Einarsson – f: 28.09.47 - d: 24.01.21



Nú er horfinn á braut einn virkasti félaginn okkar í Lionsklúbbi Grindavíkur.

Guðmundur Einarsson var fæddur í Vestmannaeyjum 28. september 1947 og andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 24. janúar s.l. eftir stutta baráttu við illvígán sjúkdóm. Tveggja ára gamall fluttist Guðmundur með fjölskyldu sinni til Grindavíkur og bjó þar til æviloka. Foreldrar hans voru Einar Símonarson skipstjóri og Sólrún Guðmundsdóttir.

Systkini Guðmundar eru: Hjálmey, Sigurpáll (látinn), Helgi og Erling.

Eins og hugur svo margra ungra manna í Grindavík á þessum árum hneigðist hugur Guðmundar snemma til sjómennsku. 15 ára var hann byrjaður að stunda sjó og þá fyrst með föður sínum. Rúmlega tvítugur hóf Guðmundur vélstjórnarnám í Vestmannaeyjum. Að námi loknu snéri hann aftur til Grindavíkur, ekki aðeins með vélstjórnarréttindi upp á vasann, heldur einnig með unga konu, Guðrúnu H. Jóhannesdóttur, sem átti eftir að vera lífsförunautur hans til æviloka hans. Börn þeirra eru: Bjarki, Víðir og Fríða fösturdóttir Guðmundar.

Árið 1969 keyptu Guðmundur og bræður hans, Sigurpáll og Helgi, vélbátinn Hafberg, en fyrir átti faðir þeirra vélbátinn Staðarberg. Var

Helgi skipstjóri á Hafberginu og Guðmundur vélstjóri. Árið 1977 stofnuðu þeir feðgar fiskverkunina Hælsvík sem aðalega verkaði fisk í salt. Fór Guðmundur þá í land og varð verkstjóri í því fyrirtæki.

Árið 1998 sameinaðist Hælsvíkin Þorbirni h/f og varð Guðmundur reddari hjá Þorbirni þar til hann ákvað að hætta störfum.

Guðmundur gekk til liðs við Lionsklúbb Grindavíkur 22. 11. 1997. og var það mikill happafengur fyrir klúbbinn. Hann var allt til síðasta dags einn af ötulustu liðsmönnum klúbbsins og alltaf tilbúinn að vinna þau verk sem sinna þurfti á hverjum tíma. Það var því ekki af ástæðarlausu að hann valdist yfirleitt í þær nefndir sem kröfðust mestrar vinnu hjá klúbbum hverju sinni, s.s. helstu fjáröflunarnefndir klúbbsins. En þar fyrir utan var Guðmundur sérstaklega skemmtilegur félagi sem alltaf var léttur í lund með gamanyrði á vörum

Guðmundur var formaður starfsárið 2004 til 2005 auk þess sem hann sat þrívægis í stjórn klúbbsins sem gjaldkeri. Hann hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín innan klúbbsins og var m.a. gerður að Melvin Jones félagi árið 2014.

Guðmundur verður sárt saknað af okkur félögum hans í Lionsklúbbi Grindavíkur sem nú sjáum á eftir góðum félagi og vin.

Eftirlifandi eiginkonu, fjölskyldu og ættingjum sendum við bestu samúðarkveðjur.

f.h. félagi í Lionsklúbbi Grindavíkur
Halldór J Ingvason

Heimsfaraldur: Lions og COVID

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions
Formaður Alþjóðahjálparsjóðsins



Viðbrögð Lions við COVID

Heimsfaraldurinn heldur áfram að hafa áhrif á starf Lions um allan heim. Alþjóðastjórn, Alþjóðahjálparsjóðurinn og Alþjóðaskrifstofan leggja sig fram við að aðstoða Lions við að aðlagast aðstæðum og komast í gegn um erfiðleikana. Nýjar leiðir eru farnar í félaga-málum, fundahaldi, fræðslu, fjáröflun og verkefnum og víðast hvar gengur starfið vel. Lionsfélagar hafa sýnt og sannað að þeir eru hugmyndafríkir, hugrakkir og drífandi og finna nýjar leiðir til að ná árangri. Samkomu-takmarkanir og fjarlægðarmörk hafa áhrif á þjónustuna, t.d. þurfti að loka Alþjóðaskrifstofunni um tíma, vegna reglna í Illinois, USA, en starfsmenn unnu að heiman. Í dag fá 50 manns að vinna á skrifstofunni, sem er 300 manna vinnustaður, en hinir vinna heima. Vefsíða var opnuð í mars 2020, sem birtir upplýsingar um viðbrögð Lions í heimsfaraldrinum: <https://www.lionsclubs.org/en/coronavirus>

COVID-styrkir frá LCIF

Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF brást við vandanum og aðlagði neyðarstyrk, sem veittur eru í kjölfar náttúruhamfara, að þessum bráða vanda sem heimsfaraldurinn er. LCIF leggur áherslu á stuðning við svæði með mörg staðfest COVID-19 tilfelli. Komið er til móts við þarfir vegna heilbrigðis- og neyðarþjónustu og fylgt leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnu narinnar (WHO) og Miðstöð sjúkdómsvarna og eftirlits (CDD). Síðan í mars hefur LCIF veitt meira en 5,2 milljónir dollara í COVID-19 styrki, sem einkum hefur verið nýttur til að kaupa persónuhlýfar fyrir heilbrigðisstarfsfólk

og framlínustarfsmenn. Styrkir til Evrópu eru yfir 1,6 milljónir dollara, það er meira en nokkurt svæði hefur fengið. LCIF styrkir eru eingöngu veittir til Lions-verkefna. Það þýðir að hvar sem LCIF-COVID styrkir eru veittir, eru Lionsfélagar að sinna sínu samfélagi, bæði með eigin fjármagni og vinnuframlagi. Við gerum þetta saman.



Stuðningur við klúbba

Til að styðja kraftmikið starf í Lions, samþykkti Alþjóðastjórn stuðning við klúbba og félagar vegna greiðslna alþjóðagjalda. Aukinn sveigjanleiki mun hjálpa þeim sem eru í fjárhagserfiðleikum og veita klúbbum stuðning og hvatningu á þessum krefjandi tímum.

Inntökugjöld falla niður: Það sem eftir er af þessu starfsári kostar ekkert að ganga í Lionsklúbb eða stofna nýjan klúbb. Það þýðir, að gjöld við stofnun klúbba og inntökugjöld nýrra félaga falla niður til 30. júní 2021.

Þetta er gert til að auðvelda klúbbum og umdæmum að stækka, eða hindra félaga-fækkun.

Á tímum sem þessum, vilja kannski færri ganga í Lionsklúbb, eða hvað? EN, vel að merkja að allt félagastarf og afþreying er á sama báti. Við getum einfaldlega verið betri en aðrir. Og það er veruleikinn; Lionsfélögum fjölga á heimsvísu, og fjöldi klúbba er núna 49.900. Klúbbar sem eru virkir á netinu, bæði með fundi, fjáröflun og ýmiskonar félagsstarf, hafa t.d. náð til fleiri yngri félaga. Þar sem eru ógnanir, eru líka tækifæri.

Sveigjanlegar greiðslur: Klúbbar sem eiga erfitt með að greiða alþjóðagjöldin á réttum tíma, lenda ekki á skuldalista, þó greiðslur dragist fram eftir árinu. Þetta er gert til að hjálpa klúbbum að komast yfir erfiðasta hjallann. Það þýðir, að enginn klúbbur sem er skuldlaus 31. des. 2020 verður afskráður út starfsárið, vegna síðbúinnar greiðslu, en full greiðsla þarf að berast fyrir 30. júní 2021.




Rafræn fræðsla LCI

Námsframboð Lions hefur aldrei verið meira. Ráðist hefur verið í framleiðslu á nýju upplýsinga- og fræðsluefni og eldra efni gert aðgengilegt í nýjum búningi. Um er að ræða t.d. myndbönd á mörgum tungumálum, sem nálgast má hvenær sem er, eða opin gagnvirk netnámskeið, sum með fjölda fyrirlesara og möguleika til að spyrja spurninga eða vinna í hópum. Boðið er upp á raðir námskeiða í tilteknum málflokkum, mánuð eftir mánuð, eða vikulega í einhvern tíma.

„Foundation Fridays“ er klukkutíma fræðsla á vegum LCIF, sem náð hefur gríðarlegum vinsældum. Þessi námskeið hafa verið haldin fyrsta föstudag í hverjum mánuði síðan í júní 2020, og halda áfram út þetta starfsár. Nýtt viðfangsefni er tekið fyrir hverju sinni, kynnt alþjóðleg verkefni, árangurssögur víða úr heiminum, oft með samstarfaðilum Lions. Kynntir eru möguleikar á styrkjum og fjölbreyttar leiðir til að afla fjár. Allt að 400 manns taka þátt hverju sinni og nokkur hundruð nýta sér að skoða upptökurnar á „Virtual Events Center“ <https://www.lionsclubs.org/en/virtual-events-center>

Margir Lions-hópar víða um heim hafa líka séð tækifærin í notkun netsins og standa fyrir fræðslu með alþjóðlegum fyrirlesurum, fyrir sitt svæði en opið öllum heiminum. Lions sjá leiðir til að blómstra.



Alþjóðþingið rafrænt

Vegna COVID-19 verður Alþjóðþingi Lions, sem halda átti í Montreal, haldið rafrænt 25.-29. júní 2021. Skráningargjaldið verður 50 dollarar til 31. mars, en eftir það 75 dollarar. Kosning æðstu stjórnenda og alþjóðastjórnar, ásamt lagabreytingum verður rafræn. Til að geta kosið og tekið þátt í viðburðum þarf að

skrá sig, greiða skráningargjaldið og gefa upp netfang.

Hluti af þinghaldinu verða myndbönd á öllum 12 tungumálum Lions, sem hægt verður að nálgast á ýmsum tímum. Sumu verður streymt á ákveðnum tímum, með samtímatúlkun og eitthvað verður gagnvirk. Veittar verða viðurkenningar og möguleiki á myndatökum. Þetta verður fræðsla, hvatning og alþjóðlegu upplifun eins og öll þing eru, reynt að halda gömlum hefðum í heiðri og nýta tæknina til að gera enn meira. Kjörrið tækifæri fyrir þá sem ekki hafa haft tíma eða heilsu eða ráð til að ferðast yfir hálfan hnöttinn til að njóta alþjóðþinga. Þó að það séu vonbrigði að geta ekki haldið þing með hefðbundnum hætti, er gaman að geta boðið Lionsfélögum að njóta net-alþjóðþingsins, sem fræðir, hvetur og

Til hamingju Módelklúbbar

Næstum 50% af öllu fjármagni sem safnað er í Campaign100 kemur frá módelklúbbum. Módelklúbbar eru fyrirmyndarklúbbar, sem styrkja LCIF höfðinglega í átakinu. Þeir sýna alþjóðlegan skilning og skuldbinda sig til að tryggja þjónustu Lions um allan heim, með ríkulegum fjárframlögum. Á Norðurlöndum eru 31 módelklúbbar, þar af eru 8 á Íslandi. Frábær árangur, til hamingju Ísland og kæra þakkir fyrir orlætið. Íslensku módelklúbbar eru: Lionsklúbbar Grindavíkur, Hafnafjarðar, Mosfellsbæjar, Eik Garðabæ, Freyr Reykjavík, Hængur Akureyri, Muninn Kópavogi og Víðarr Reykjavík. Þið sýnið gott fordæmi, eruð reiðubúin að leggja meira á ykkur og að axla ábyrgð. Sannarlega fyrirmynd annarra klúbba.

Í meira en öld hefur Lions tekist á við mestu áskoranir sem steðjað hafa að mannkyninu og saman sigumst við á þessum vanda.

Guðrún Björt Yngvadóttir



**Lions Clubs International
FOUNDATION**



tengir Lionsfélaga um allan heim með öruggum hætti. Nánari upplýsingar: <https://lcicon.lionsclubs.org/>

LCIF Campaign 100

Heimsfaraldurinn hefur líka haft áhrif á fjáröflun og framlög í LCIF. En það er vegna fjárframlaga til LCIF frá félögum og klúbba, að hægt er að bregðast við með skjótum hætti og styrkja þegar á þarf að halda.

En hvernig gengur fjáröflunarátakið? Melvin Jones Fellowship prógrammið sem hófs 1973 er burðarásinn í fjáröflun LCIF. Í dag eru yfir 440.000 MJF og yfir 89.000 PMJF um allan heim. En í fjáröflunaráttakinu Campaign 100 voru opnaðar ýmsar nýjar leiðir, m.a. með Módelklúbbum

Um síðustu áramót, höfðu safnast yfir 61% af 300 milljóna dollara markmiði okkar. Evrópa er þó aðeins á eftir með 35% af markmiðinu. Staðan á Norðurlöndunum er hina sama og í Evrópu, nema Ísland, þar sem við höfum náð 98% af markmiðunum. LCIF þakkar öllum íslenskum Lionsfélögum fyrir góðan stuðning við LCIF. Sérstaklega verður að þakka LCIF-leiðtogunum, Kristni Hannessyni, Kristínu Þorfinnsdóttur og Benjamín Jósefssyni fyrir að leiða LCIF á Íslandi með slíkum glæsibrag, svo eftir er tekið á heimsvísu.



Hledslustöðvar.is

Með gæðin og öryggið í fyrirrúmi.

Hledslustöðvar í nánast öllum stærðum og gerðum fyrir rafmagns- og tengiltvinnbila.

Nánari upplýsingar á hledslustodvar.is

Sitjandi umdæmisstjóri 109 B

Anna Fr. Blöndal

Sitjandi umdæmisstjóri 109 B



Nútið

Með hækkandi sól léttist lundin og við verðum flest léttari á brúnina. Það mátti glöggst heyra af skýrslum klúbbanna á nýliðnum svæðisfundum. Flestir klúbbar hafa haldið netfundi og gert sitt ýrasta til að halda starfinu lifandi þrátt fyrir að einungis tíu mættu koma saman í samkomutakmörkum. Nokkrir klúbbar stefna á að hafa staðfundi núna í febrúar og væntanlega eru einhverjir þeirra þegar búnir að því. Lionsklúbburinn Sunna á Dalvík hefur þegar hist á fundi þegar þetta er skrifað og samkvæmt upplýsingum af fundinum var vel mætt og augljóst að lionsfélagar orðnir óþreyjufullir að hittast. Lionsklúbbur Hólmavíkur hefur hist á fundum í allan vetur og njóta þess að félagarnir eru ekki það margir að þeim er það kleyft. Ég fékk það ánægjulega verkefni að undirrita fjögur félagsskírteini fyrir nýja féлага í tveimur klúbbum og veit að fleiri nýir félagar eru að bætast í hóp lionsfélaga á næstu

vikum. Viðkomandi klúbbar senda án efa fréttir og myndir á Lions.is og Lions mál þegar nýju félagarnir verða formlega teknir inn. Lionsklúbbi Mosfellsbæjar bættist nýr félagi og ég býð þessa nýju féлага velkomna í Lions. Það er því ljóst að það eru sóknarfæri í stöðunni sem við verðum að nýta okkur.

Það eru þó ekki allar fréttir úr umdæminu eins ánægjulegar. Lionsklúbbur Borgarness hætti starfsemi eftir 64 ára farsælt klúbbstarf til hagsbóta fyrir samfélagið í sinni heimabyggð og Lionshreyfinguna. Við þökkum þeim samfylgdina í áratugi og þeirra óeigingjarna starf, það er eftirsjá að góðum félögum.

Fortíð

Borgnesingar eru að stofna klúbbinn um það bil sem ég fæddist. Hvatinn að stofnun Lionsklúbba var oft á tíðum af þörf í heima-bænum til að virkja samtakamát og taka til hendinni og gera eitthvað fyrir nærsamfélagið, koma upp leikskóla, febra bæinn sinn, styðja við þá sem minna máttu sín eða af hreinni félagsþróf – maðurinn er félagsvera. Þriðjungur af starfandi klúbbum í umdæminu eru stofnaðir á svipuðum tíma eða frá 1956 – 1960. Starf Lions á þeim tíma sneri líkast til meira inná við um heimabyggðina og nærumhverfið enda innviðir lakari en nú og þörfin fyrir uppbyggingu þeirra augljósari. Umheimurinn var fjarlægari, samskipti milli landa minni.

Enn í dag er samt þörf fyrir félagsskap eins og Lions og mikilvægt fyrir klúbbana að finna sér verkefni á hverjum stað til að styðja við og vinna að. Verkefnin hafa kannski breyst í gegnum tíðina en vilji og þörf lionsfélaga til að láta gott af sér leiða hefur ekki breyst. Verkefnin þurfa ekki endilega að snúast um peninga, stundum er það verðmætara að gefa

tíma sinn. Þetta ár og það síðasta hefur reynst mörgum erfitt og líklegt að afleiðingarnar eigi eftir að vera meiri en við sjáum í dag.

Framtíð

Fjórðu og síðustu svæðisfundir eru áætlaðir um miðjan apríl og þema þeirra funda er framtíðin. Til að byggja upp og viðhalda þarf framtíðarsýn. Við þurfum að vita hvert við viljum stefna, hvaða væntingar við höfum, hvaða áhrif viljum við hafa á nærsamfélagið og hvað þarf að gera til að ná takmarkinu. Allt starf Lions er teymisvinna og okkur gengur aldrei betur en þegar gott samstarf næst og við deilum hugmyndum. Framtíðarnefnd er að störfum og er að safna upplýsingum og hugmyndum sem unnið verður úr til að marka stefnuna fram. Það sem hefur gengið vel á er að teymin hafa unnið vel saman og afrakstur þeirrar vinnu mun án efa skila sér inn í tillögur Framtíðarnefndar á þinginu í vor.

Við stefnum enn á að halda fjölumdamisþing á Akureyri í vor þó fréttir um engan samning um bólusetningu allra Íslendinga hafi aðeins dregið úr voninni um að það verði hægt. Við sáum samt á NSR þinginu að það er hægt að halda fjölmennt innihaldsríkt og skemmtilegt þing á netinu ef sú verður raunin þegar upp er staðið.

Kæru Lionsfélagar. Veturinn hefur verið erfiður að mörgu leyti en við munum koma heil út úr kófinu. Ég ætla að vitna í orð Alþjóðaforseta Dr. Jung-Yul Choi í síðasta Lionsblaði.

Við erum stærsta þjónustuhreyfing í heiminum, en við erum byggð upp af einstaklingum, fólki sem hefur stigið fram og sagt, „Ég skal gera það sem ég get“. Og það er það sem skiptir máli.

Hjálparsjóður
Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur
Munum eftir Hjálparsjóðnum,
öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions

Lions Quest aðstoðar nemendur við að aðlagast breytingum vegna Covid – 19

Eftir Jamie Weber

Það ætti ekki að koma á óvart að COVID-19 hefur áhrif á börn og menntun þeirra. Aðlögun að netnámi, aðlögun að nýjum lífnaðarháttum og fræðsla um útreiknanlega og að því er virðist síbreytilega veiru er að valda börnum streitu af stærðargráðu sem þau hafa aldrei kynnst áður. Þó að lífið geti verið svolítið ógnvekjandi þessa dagana er Lions Quest, námsefni Lions Clubs International Foundation (LCIF) að hjálpa börnum að aðlagast þessum breyttu aðstæðum.

Námsefnið Lions Quest kennir börnum lífsleikni sem hjálpar þeim við að taka ákvarðanir sem leiða til hamingjusamara og farsælla lífs. Börn öðlast hæfileika til betri ákvarðanatöku, betri samskiptahæfileika og hvernig á að segja nei við eiturfjum og áfengi. Þau læra jákvæða hegðun eins og að stjórna tilfinningum og sýna samkennd.

Kennarar í Calumet City, Illinois, Bandaríkjunum vita að COVID-19 hefur valdið aukinni streitu og mikilvægi kennslu í lífsleikni. Þeir vita líka að Lions Quest er best lífsleikninámsefnið sem í boði er. Þeir hafa því sett Lions Quest í forgang og blanda því saman við nánast allt námsefni.

„Við gerum okkur grein fyrir því að þessi heimsfaraldur hefur valdið mikilli streitu meðal nemendanna og ekki hægt að ætlast til að þau haldi áfram eins og ekkert hafi gerst,“ segir Dr. Tamara Young, forstöðumaður sérkennslu fyrir skólahverfið og ljón í Lionsklúbbi Calumet City. „Við þurfum að vera viss um að félagsleg og tilfinningaleg líðan þeirra væri í lagi áður en við byrjuðum almennu kennsluna aftur.“

Þegar skólaárið byrjaði fór allt fram á netinu og því urðu Lions Quest kennara að útbúa mikið að myndbandsefni fyrir kennsluna. Frá því að námið hófst hefur Dr. Young tekið eftir miklum framförum í skólastarfinu og bætti við að Lions Quest hafi veitt kennurum þau tæki sem þarf til að eiga samtöl við nemendur sína um erfið málefni.

Lions Quest veitti einnig börnunum innblástur þegar þau hófu nýja skólaárið á netinu. Skólastjórinn Regina Huston sem einnig er félagi í Lionsklúbbi Calumet City stóð fyrir fræðslu sem fram fór á stóru bílastæði til að kenna börnum að aðlagast nýjum veruleika. Með þessum hætti var hægt að tryggja að sóttvarnareglum of fjarlægðartakmörkum var fylgt eftir.

Eftir fræðsluna voru allir hvattir til þess að sinna sóttvörnum um leið og þeim var boðin hressing. Þetta var fullkomið tækifæri fyrir börn og foreldra þeirra til að hitta kennara sína og aðra nemendur í bekknum sínum án sýkingarhættu.

„Að bjóða upp á félagslegt og tilfinningalegt nám í skólunum okkar er það besta sem við hefðum getað gert,“ segir Dr. Young. „Eins og staðan er í heiminum í dag snýst skólinn ekki bara um fræðslu lengur. Þetta snýst líka um félagslega líðan nemenda okkar. Lions Quest hjálpar til við það.“

Þýðing: Kristinn Hannesson



Evrópskur dagur Alþjóðahjálparsjóðs Lions

Kristin Hannesson

LCIF stjóri



Hver er tilgangurinn með Evrópskum LCIF degi?

Það hefur lengi verið ljóst að framlög frá Evrópu til alþjóðahjálparsjóðs Lions eru umtalsvert lægri en flestra annarra heimsálfa og er þá miðað við félagafjölda. Því kviknaði sú hugmynd að efna til sérstaks dags LCIF í Evrópu sem svar við spurningunni:

Hvernig er hægt að hvetja Lionsfélaga og Lionsklúbba í Evrópu til að auka framlög sín til alþjóðlega fjáröflunarátaksins Campaign 100?

Markmiði þessa dags er hægt að skipt í fjóra megin þætti:

1. Auka framlög frá Lionsklúbbum í Evrópu til Alþjóðahjálparsjóðsins með því að efna til sérstakrar fjáröflunar fyrir sjóðinn á þessum degi.

Það er alveg ljóst að miðað við til dæmis félagafjölda þá er Lions í Evrópu talsverðir eftirbátar flestra annarra heimsálfa. Þegar nánar er rýnt í tölur þá má líka sjá að Lions í Evrópu er að fá mun meira til baka frá alþjóðahjálparsjóðnum, miðað við féлага-

- fjölda en margar aðrar heimsálfur.
2. Hvetja klúbba sérstaklega til meiri skilvirkni við skýrslugerð.
 - Lögð veðri áhersla á að allir klúbbar skili verkefnaskýrslum vegna dagsins. Um leið verði klúbbar almennt hvattir til að standa sig betur í skilum á verkefnaskýrslum.
 3. Auka kynningu í heimabyggð. Lögð veðri áhersla á að klúbbar kynni vel í sinni heimabyggð hvað standi til og noti jafnframt tækifærið til að dreifa kynningar-efni um klúbbinn, Lions í sínu heimalandi og alþjóðahjálparsjóðinn.
 4. Draga að nýja féлага. Með öflugri og vel undirbúinni kynningu gefst kjörið tækifæri til að draga að nýja féлага.



Fjáröflunin

Til þess að nálgast önnur svæði þyrfti Lions í Evrópu að auka sín venjulegu framlög um, um það bil 2,7 milljón dollara.

Þetta sýnist kannski stór tala en ef miðað er við fjölda féлага í Evrópu þá eru þetta „*ekki nema*“ 1.641 króna fyrir hvern féлага.

Heildarupphæðin fyrir Ísland er „*ekki nema*“ 3,8 milljónir. Það ætti ekki að vera okkur ofvaxið ef allir gera eins vel og þeir geta, jafnvel á þessum skrifnu tímum.

Hvaða dagur verður fyrir valinu?

Vikan sem varð fyrir valinu núna er fyrsta heila vikan í júní eða 5. – 12. júní. Evrópski LCIF dagurinn verður 12. júní. Sveigjanleikinn er þó til staðar og hverju landi frjálst að nota þann dag sem talinn er henta þeim best.

Okkar hugmynd er að við gerum þetta í vikunni 2. – 8. maí. **8. maí** yrði þá okkar LCIF dagur. Við teljum auðveldara að fá klúbba til að sinna svona verkefni í byrjun maí frekar en í byrjun júní þegar flestir klúbbar hafa tekið sér frí.



Lions Clubs International
FOUNDATION

Hvaða verkefni?

LCIF teymið á Íslandi taldi að þetta gæti verið kjörið tækifæri til að efna til fjölskyldu dags Lions og eitt af því sem okkur datt til hugar er „reiðhjóladaur fjölskyldunnar“ undir kjörorðinu „*Hjólað til vitundar um sykursýki*“.

Það yrði auðvitað að meta það á hverjum stað fyrir sig og gæti til dæmis verið göngudagur fjölskyldunnar undir kjörorðinu „*Arkað til vitundar um sykursýki*“.

Samvinna

Til þess að svona dagur geti gengið sem best og verið okkur til sóma þarf mikla og góða samvinnu. Samvinnu annarra teyma eins og félagateymis, verkefnateymis og kynningar-teymis og hugsanlega fleiri. Fyrst og fremst þarf þó góða samvinnu og öfluga þátttöku allra Lionsfélaga og klúbba. Örðuvísi er getur þetta ekki orðið að veruleika.

Það er svo von okkar að dagur sem þessi, „Fjölskyldudagur Lions“ geti orðið að árlegum viðburði.

Frekari kynning verður send til allra klúbba á næstu vikum.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Lions Clubs International

Kæru Lionsfélagar

Heimsfaraldurinn (COVID-19) heldur áfram að hafa áhrif á starf Lions um allan heim. Eins og þú veist hefur það einnig skapað fjárhagslega erfiðleika fyrir okkur í Lions.

Til að styðja okkar kraftmikla fólk sem starfar í Lionsshreyfingunni, hefur Alþjóðastjórn einróma samþykkt ályktun til stuðnings klúbbunum.

Eftirfarandi er úrdráttur úr nýju ályktuninni, sem samþykkt var af Alþjóðastjórn:

- **Stofn- og inntökugjöld falla niður** – Við höfum fellt niður öll gjöld við stofnun klúbba og inntökugjöld nýrra félaga, frá 1. janúar til 30. júní 2021.
- **Sveigjanlegar greiðslur** – Enginn klúbbur sem er skuldlaus 31. desember 2020 verður afskráður fram til 30. júní 2021 vegna síðbúinnar greiðslu. Full greiðsla þarf að berast fyrir 30. júní 2021 til að forðast afskráningu.
 - **Vinsamlegast athugið að klúbbar sem eru komnir á afskráningarlista, vegna vanskila, þann 31. desember 2020 verða áfram á honum, þar til skuldin er að fullu greidd.**
Þessir klúbbar þurfa að gera ráðstafanir um greiðslu við gjaldheimtu Lions Clubs International til að forðast afskráningu 1. mars 2021.*

Þessar viðbótarráðstafanir munu hjálpa lionsfélögum sem eru í fjárhagserfiðleikum og veita klúbbunum okkar stuðning og hvatningu sem þeir þurfa á að halda á þessum krefjandi tímum. Í meira en öld hefur Lions tekist á við mestu áskoranir sem steðjað hafa að mannkyninu og saman munum við sigrast á þessu.

Heimurinn þarf á Lions að halda nú, meira en nokkru sinni fyrr, svo þakka þér fyrir framúrskarandi störf þín og skuldbindingar við samfélög okkar og heiminn.

Kveðja,
Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti Lions

*Komi fram spurningar vegna gjaldanna, hafið samband við Lionsskrifstofuna.

Lionsklúbbur Eskifjarðar



Við félagarnir í Lionsklúbbi Eskifjarðar höfum í vetur haldið fáa klúbbfundi, en því fleiri vinnufundi. Aðal fjáröflunin í vetur er sala, uppsetning og umsjá ljósakrossa á leiði í kirkjugarðinum.

Ásbjörn Guðjónsson



Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

Áf Lionsklúbbi Mosfellsbæjar er það helst að fréttu að klúbburinn hefur haft nokkra fjarfundi í vetur og átt þar ágætis umræður um klúbbstarfið og útlitið framundan, auk þess að hafa fengið góða gesti á nokkra fundi.

Í desember s.l. afhentum við Hjálparsjóði Lágafellssóknar 400.000,- kr. vegna árlegrar jólaúthlutunar sjóðsins, sunnudaginn 13. desember mættu svo nokkrir klúbbfélagar ásamt Lkl. Úu og dreifðu úr sér fyrir utan Hamra og Eirhamra í Mosfellsbæ og sungu nokkur jólalög fyrir íbúana, við harmonikku undirleik Einars Friðgeirs Björnssonar. Lkl. Mosfellsbæjar sendi svo Lkl. Seyðisfjarðar 150.000,- kr. styrk í lok desember, í kjölfar aurskriðanna sem féllu þar í bæ um miðjan desember, en þar á meðal var stærsta aurskriða sem fallið hefur í byggð á Íslandi, tjónið af völdum skriðanna og vatnsflaumsins var gríðarlegt og mikil mildi má teljast að ekki hafi orðið manntjón í þessum hamförum.

Fimmtudaginn 11. janúar 2021 var loks boðað til „hefðbundins“ klúbbfundar, sem þó var vissulega háður því að farið væri í einu og öllu eftir gildandi sóttvarnareglum, á fundinn fengum við frábæran fyrirlesara, en hæst ber þó fjölgun í klúbbnum þar sem tekinn var inn nýr félagi.

Það var nokkuð ljóst að klúbbfélagar voru flestir orðnir þreyttir á fjarfundahöldum og orðnir langeygir eftir því að komast til „hefðbundinna“ klúbbfunda, þótt líklega verði nokkur bið eftir því að orðið hefðbundið losni við gæsalappirnar. Réttast væri líklega að kalla „hefðbundna“ fundi, þ.e. þar sem fólk hittist á fundi í sama rými, frekar staðfundi. Betri lýsing á því fundaformi sem við höfum átt að venjast undanfarið ár væri þá líklega netfundur, skjáfundur eða jafnvel víðfundur. Því orðið fjarfundur getur vissulega einnig átt við staðfundi á meðan ekki má koma nær öðrum fundarmönnum en 2 metra.

Eftir því sem sólin hækkar á lofti og bólusetting fjölga horfum við spennandi og bjartsýnni fram á veginn.

Lionskveðjur úr Mosfellsbæ Örvar Jóhannsson fjölmíðlafulltrúi Lkl. Mosfellsbæjar




Magnús Sigsteinsson, formaður Lkl. Mosfellsbæjar og Brynjólfur Bjarki Jenson, nýr Lionsfélagi.



Svínka sér um að halda utan um sektarsjóð klúbbsins og passar einnig uppá einstaklingsbundnu sóttvarmarnar.

Febrúar – myndasíða



Ránarkonur heilsa glaðar á nýju ári

Eins og í mörgum klúbbum hefur reynt á nýja hugsun í starfi klúbbsins í ár.

Mikið lán var að geta haft fyrsta fund starfsársins með hefðbundnu sniði en hann er að jafnaði stjórnarskipta fundur. Góð mæting var á fundinn, góður andi og dýrindis matur að vanda, sem konur sáu sjálfar um að útbúa. Allir fundir síðan hafa verið á Zoom, fyrst til að byrja með hver og ein heima hjá sér en síðan í desember höfum við verið með „búbbfundum“ sem við kjósum að nefna svo en þá safnast konur saman 4-6 á hverjum stað, allt fyrir þrýeykið og okkur öll hin.

Jóla búbbu fundurinn var mjög glæsilegur. Þegar konur mættu í hús beið þeirra heimsent jólahlaðborð, jólapakkar og „óvissuatriði“ í lokuðu umslagi. Fundurinn var allur hinn skemmtilegasti með glensi og gríni eins og okkur er einum lagið. Konur voru himinlifandi að ná að hittast þó í smáum hópum væri, endurnærðar eftir þennan hitting fórum við inn í jóla-fjölskyldu búbbunnar okkar og hlökkum mikið til að hittast allar saman, sem fyrst.

Fjáraflanir klúbbsins hafa legið niðri allt starfsárið því okkar helstu fjáraflanir eru þríf á félagsheimilinu Klifi og umsjón og framreiðsla í erfidykkjum, en eins og gefur að skilja er ekkert um mannamót í Klifinu né fjölmennar erfidykkjur. Það vill til að klúbburinn átti varasjóð sem gripið hefur verið í til að styrkja í okkar nánasta umhverfi auk þess sem framlag var sent í LCIF.

Við höfum síður en svo setið auðum höndum. Við vorum virkar í Arka hreyfi verkefninu í fámennum hópum eða einar og sér og skráðum það sameiginlega inn í verkefnaskýrslu, settum upp söfnunarkassa fyrir gleraugu og söfnuðum og sáðum birkifræjum í september. Birkiverkefnið er mjög skemmtilegt og tilvalið framtíðarverkefni að okkar mati.

Eins og fyrri ár færðum við heimilisfólki á dvalarheimilinu Jaðri og krökkunum í Smiðjunni (hæfingarstöð fólks með fötlun) gjafakörfur með góðgæti í aðventu byrjun. Að vanda færðum við 4. bekk grunnskólans eldvarnarlitabækur ásamt vinkonum okkar í Lkl. Þernan. Lionsklúbbarnir í Ólafsvík glöddu svo í sameiningu íbúa með flugeldasýningu á þrettándaðanum en frekari þrettánda hátíðahöld bíða næsta árs.

Áfram höldum við glaðar í lund og ætlum sko ekki að láta neitt stoppa okkur í að leggja lið og rækta vináttuna. Við hvetjum aðra klúbba til þess að finna nýjar leiðir til að funda, til dæmis með búbbfundum og muna eftir að hafa það skemmtilegt, virkja barnslega gleði og hafa gaman saman.

Bestu kveðjur úr Ólafsvík,
Björg Bára Hallsórsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Lkl. Ránar.



Jólafundur pakkar



Gjafakarfa Jaðar



Björg og Marta



Litabækur



Úr starfinu





Smíðjan



Hvað er í umslaginu (leikur)? – Gómur og söngtexti leyndist þar





Birki



Birkisöfnun



Úr brikisöfnun



Úr starfinu

Lionsklúbburinn Seyla, Álftanesi

Lionsklúbburinn Seyla var stofnaður 1. mars 2012 og verður því 10 ára á næsta ári. Félagar eru nú 24 hressar konur á aldrinum 30+ til 70+.

Tilgangur klúbbsins er að starfa að líknar- og menningarmálum. Félagsstarfið felst meðal annars í fundum, skemmtikvöldum og ýmsum störfum í fjárflyunarskyni. Við viljum hafa gaman saman og láta gott af okkur leiða í samfélaginu. Megináherslan er á börn, eldri borgara og umhverfið.

Við höldum félagsfundi annan fimmtudag í hverjum mánuði. Þetta eru matarfundir og er maturinn ýmist aðkeyptur eða eldaður af matarnefndum hverju sinni. Við gátum haldið einn fund, í september, en svo var öllu skellt í lás. Við höfum reyndar haldið tvo Zoom-fundi síðan og svo er meiningin að halda félagsfund þann 11. febrúar. Vonandi fer svo allt að komast í eðlilegt horf.

Ýmislegt er gert til að afla fjár til að geta styrkt góð verkefni í samfélaginu. Fyrsta árið þrjónuðum við 600 lopatöskur undir ráðstefnugögn á alþjóðlegri ráðstefnu landfræðinga. Afganginn af lópanum notuðum við svo til að þrjóna 3 teppi sem við gáfum á góða staði. Við höfum bakað sögur og búið til konfekt fyrir jólin sem hafa selst eins og heitar lummur. Eitt árið voru bakaðar fiskibollur sem sömuleiðis gerðu mikla lukku. Við förum árlega í fjöruhreinsun á Álftanesi, en það verkefni er styrkt af bæjarfélaginu.

Á hverju vori erum við svo með kvennagölmót sem verður sífellt vinsælla. Allt eru þetta fjáraöflunarverkefni sem við vinnum saman og höfum gaman að.

Við viljum gjarnan frá fleiri félaga til liðs við okkur og hvetjum allar konur á Álftanesi sem eru að leita að gefandi félagsskap til að hafa samband og koma á kynningarfund.

Formaður klúbbsins er Sigurlín Scheving, sigurlinscheving@gmail.com



Bókagjöf



Börnum afhent bókamerki.



Fiskibollubakstur



Fjöruhreinsun



Guðni forseti ásamt Seylukonum



Handþrjón á alþjóðaráðstefnu landfræðinga



Intaka nýrra félaga



Þátttakendur í golfmóti Lkl. Seylu.



Konfektgerð.



Óvissuferð klúbbsins.




Söribakstur



Teppi fyrir Konukot



Teppi fyrir Sambýli Álftanes



Teppi til Ljósins



Skátunum færður skjávarpi í tilefni af 100 ára afmæli Lions



Guðrún Össurardóttir Melvin Jones félagi

Lionsklúbburinn Úa Mosfellsbæ – Úulundur



Veturinn 2012 kom upp sú hugmynd að fá landskika til að gróðursetja tré og búa til okkar sælureit. Hugmyndin var svo framkvæmd og fengum við góðan skika inni í Skammadal sem Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hafði til umráða. Hafist var handa við að planta út nokkrum trjáplöntum, þær fengu góðan húsdýraáburð og vökvun og blessun með von um að dafna og vaxa vel. Gróðurreiturinn okkar fékk svo nafnið Úulundur og höfum við farið á hverju vori og gróðursett 40-50 trjáplöntur, annaðhvort græðlinga sem við höfum komið upp sjálfar eða keypt af Skógræktarfélaginu.

Í Skammadal er undurfalleg náttúra og eftir hverja plöntun er sest í lundinn góða með nesti og góðan kaffisopa og spjallað um heima og geima. Þetta hefur alltaf verið góð og gefandi samvera.

Lúpína hefur herjað nokkuð á Úulundinn okkar og við höfum reynt að halda henni nokkuð í skefjum með skóflum og handsláttuvél. Nú erum við að rækta upp stærri tré, græðlinga sem við setjum í potta og ölum upp, til að gróðursetja inn í lúpínubreiðuna. Með þessu starfi, leggjum við okkar að mörkum við að græða upp landið okkar þótt í litlum mæli sé, og við munum sannarlega halda því áfram.

*Sigríður Skúladóttir
form. umhverfis- og gróðurnefndar.*



Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Eftirminnilegt verkefni klúbbsins okkar. „Úrelding og niðurrif Sigurbáru Ve 249“



Lóðsinn bjargar Blátindi VE í fávöðri 14. febr. 2020



Sigurbára Ve 249 að koma úr sjóróðri

Við félagarnir í Lionsklúbbi Vestmannaeyja vorum að ræða endalok vélbátsins Blátinds VE 21 sem losnaði úr sýningastæði á Skansinum í Vestmannaeyjahöfn. Lóðsinn náði bátnum þar sem hann rak stjórnlaus um höfnina og kom honum aftur að bryggju þar sem hann sökk og mikið tjón varð á Blátindi eins og vænta mátti. Blátindur var smíðaður í Vestmannaeyjum árið 1947 og er okkur Eyjamönnum því mjög kær af þeim sökum og viljum láta gera hann aftur sjófæran. Sérfræðingar voru nýlega fengnir til að meta kostnað við að gera upp Blátind og hljóðar kostnaðaráætlun upp á allt að 200 milljónir króna. Bæjarstjórn hefur fundað um niðurstöðurnar og hefur ákveðið að ekki verði ráðist í verkið og báturinn settur til niðurrifs og förgunar sem mun kosta um 5 milljónir króna.

Eftir þetta spjall um Blátind Ve 21 barst talið um eitt eftirminnilegasta verkefni klúbbsins árið 1991 þar sem við félagarnir tókum að okkur að farga mótorbátum Sigurbáru VE 249 sem nýlega hafði verið dæmdur í úreldingu. Við töldum þetta lítið verk fyrir kalda karla og vissum að við fengjum góða greiðslu frá eiganda skipsins fyrir að yfirtaka fleyið og að auki sáum við fyrir miklar væntingar með peninga í tækjum og tólum í skipinu sem við gætum selt um land allt. Vinnan var auðvitað miklu meira verk en við félagarnir gerðum okkur grein fyrir og stóð sú vinna yfir frá miðjum marsmánuði og fram í júlímánuð. Fjarlægja þurfti úr skipinu öll tæki, vélar, möstur, olíu- og vatnstanka, blakkir og allt annað járnvirki sem ekki má sökkva í sæ. Aðalvélin var seld í kísilpramman á Mývatni, ljósavélin og spilið fór á Ísafjörð, dýptarmælir og talstöðvar á Seyðisfjörð, gúmmibjörgunar-

bátur á Hornafjörð, Sigmundsgálginn til Grindavíkur og fleira s.s. blakkir og festingar fóru víða og allt þetta gaf okkur góðar tekjur. Til stóð að draga skipið einhverjar 50 mílur suður fyrir Eyjar og sökkva skipinu á tiltekinn stað undir eftirliti varðsþings. Kostnaðurinn kringum það var alltof hár miðað við það sem við félagarnir reiknuðum með og var ákveðið að reyna að fara örlítið á svig við lögin. Áður en lagt var frá bryggju kom bíll frá Olúfélaginu Esso með einar 4 tonn af úrgangsolíu og voru þær híffar um borð og settar niður í fiskilestina. Svo slysalega vildi til þegar Lóðsinn var með bátinn í togi rétt austur af Viðlagafjöru sem er austast á nýja hrauninu að allt í einu gaus upp gífurlegur eldur upp úr stýrishúsi og lúkarsgati að ekki var fært annað en sleppa skipinu lausu og leyfa því að reka upp í fjöru svo ekki yrði hættu af skipinu á alþjóða siglingaleið. Ekki hafa eldupptök enn verið upplýst og náði Lóðsinn að bjarga Ágústi Óskarssyni vélstjóra og hreinræktuðum lionsmanni frá borði úr hinu brennandi skipi rétt áður en skorið var á dráttartaugina. Í landi horfðum við lionsmenn á hið bjargarlausu skip reka stjórnlaust upp í fjöruna, en svo heppilegt var að við höfðum komið fyrir talsverðum birgðum af úrgangsolíu í fjörunni ef eitthvað mögulegt óhapp mundi koma upp á leiðinni með skipið, sem svo sannarlega varð. Nú komu olúbirgðirnar sér vel og gátum notað olíuna til að viðhalda eldinum í skipinu næstu 4 sólarhringa því strax var ljóst að skipinu yrði ekki hægt að ná út aftur að áliti verkefnaneftdar Lionsklúbbs Vestmannaeyja. Mikið þótti okkur öllum gaman meðan verið var að brenna skipið og voru menn orðnir unglingar aftur, þegar þeir

fengu að skvetta olíunni á eldinn líkt og þeir væru orðnir aftur brennupeyjar á áramótabrennu.

Lionsskipið var smíðuð á Ísafirði árið 1954 og fékk nafnið Freyja ÍS 401. Árið 1963 var skipið selt til Vestmannaeyja og fékk nafnið Hafliði VE 13 og árið 1988 er hún seld nýjum eiganda og fær nafni Sigurbára VE 249.



Frammastur hift upp á bryggju. Aðalvél, ljósavél og lestarlúga komið upp á bryggju



Ljósavélin hífð frá borpi



Blakkir, stífur og festingar skornar lausar með logsuðutæki



Adalvél komi fyrir á vörubretti til sendingar í Mývatnssveit



Talstöðin var seld á austurland



Fréttakona frá útovarpsstöðinni Bylgjan tekur viðtal við vinnusama lionsmenn



Olítunnur með úrgangsolíu hífðar um bord fyrir siglinguna



Lóðsinn leggur úr höfn með skipið í togi



Lóðsinn hefur losað sig við bátinn eftir að eldur var laus um bord



Báturinn skíðlogar og menn bæta á olíu



Báturinn brennur



Skrokkurinn vel bruninn eftir 3 sólarhringa



Lítid eftir af flakinu og beðið eftir að hægt sé að fjarlægja skrifuna



Brennivargarnir í Lionsklúbbi vestmannaeyja



Leifar af Sigurbáru VE 249 eftir 4 sólarhringa bruna

Lionsklúbburinn Sunna



Lionsklúbburinn Sunna var með fund þann 9. febrúar í Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju, fengum við 2 kraftmikla gaura til að segja okkur frá þeirra sjálfböðastarfi þessa dagana, Freyr Antonsson ásamt fleirum komu saman og bjuggu til skautasvell og eru þeir búnir að panta 100 pör af skautum, 40 hjálma, Lionsklúbburinn

Sunna seti smá penningaupphæð í það verkefni. Eins er Dagur Óskarsson á Þverá í Skíðadal búin að leggja gönguskíðabraut á jörð sinni og þar gefst öllum tækifæri á að fara hring í sveitini. Lionsklúbburinn Sunna lagði smá penningaupphæð í það frábæra verkefni líka. Eins og staðan er í dag þá stefnum við Sunnukonur á

að halda árshátíðarfundin okkar í mars. Sunnukonur eru búnar að ná að halda fund í janúar og febrúar. Virkilega gott að geta hafið starfið aftur.

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir fregnaritari Sunnu

